

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. úttefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 1998 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 1997.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.